

# EFTIRLITSSKÝRSLA

---

<b>Dagsetning</b>	03/03/2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason, Kristján Geirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan, Helguvík	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	01/02/2014
<b>Heimilisfang</b>	Stakksbraut 5, 230 Reykjanesbæ	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	570269-7479	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Gunnar Sverrisson, Eggert Einarsson
<b>Isat nr.</b>	15.20.7 Mjöl og Lýsisv.	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	64.01.393 N 22.33.557 W
<b>Starfsemi</b>	Fiskimjölsframleiðsla		

---

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Síðasta eftirlit fór fram 20. apríl 2010. Engar athugasemdir voru gerðar í síðasta eftirliti og engar kvartanir höfðu borist Umhverfisstofnun frá því síðasta eftirlit fór fram.

Heildarmagn hráefnis sem unnið var í verksmiðjunni árið 2010 var 9.938 tonn. Það sem af er þessu ári er búið að vinna um 16 þúsund tonn og útlit fyrir að eitthvert framhald verði á þeirri vinnslu þar sem enn er verið að veiða loðnu í Faxaflóanum.

Afkastageta verksmiðjunnar hefur aukist töluvert eftir þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á henni undanfarið og í eftirlitinu var eftirlitsaðila afhent uppkast að bréfi sem senda á til Umhverfisstofnunar þar sem formlega verður tilkynnt um afkastaaukningu verksmiðjunnar. Stækkun verksmiðjunnar hefur í för með sér auk afkastaaukningar orkusparnað og minni mengun.

Frárennslismælingar frá yfirstandandi vertíð hafa verið gerðar en niðurstöður höfðu ekki borist til verksmiðjunnar en þær verða sendar til Umhverfisstofnunar um leið og þær berast.

Niðurstöður TVN mælinga frá því sem af er af vertíðinni 2011 voru afhentar eftirlitsaðila í eftirlitinu og verða niðurstöður fyrir alla vertíðina sendar til Umhverfisstofnunar að lokinni vertíð. Þær voru skoðaðar og reyndist hæsta gildið 82,6 mg N/100 g og flest gildin voru frekar lág. Þegar hæsta gildið mældist var hitinn í hráefninu 9,1°C.



## FRÁVIK

**Frávik 1:** Niðurstöður frárennismælinga hafa ekki borist, skulu sendast til Umhverfisstofnunar um leið og þær berast.

**Fráviki frá:** Grein 4.2 í starfsleyfi.

Reykjavík, 26/08/2011

---

---

<sup>1</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>1</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.